14.10.2014

Atvinnuveganefnd.

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagnýtingu internetsins og réttarvernd netnotenda

Persónuvernd vísar til tölvubréfs atvinnuveganefndar Alþingis frá 26. september 2014 þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um hagnýtingu internetsins og réttarvernd netnotenda (þskj. 16, 16. mál á 144. löggjafarþingi).

Efni þingsályktunartillögunnar fjallar m.a. um réttarvernd notenda og er þar sérstaklega tiltekið að taka þurfi til skoðunar meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal verndun og hagnýtingu persónuupplýsinga sem verða til á internetinu.

Persónuvernd vill árétta að stofnunin starfar eftir lögum nr. 77/2000 sem sett eru að fyrirmynd tilskipunar Evrópusambandsins 95/46/EC. Túlkun og beiting laganna hefur því nokkuð fastmótuð af réttarframkvæmd hérlendis og í Evrópu. Þá vill Persónuvernd benda á að von er á nýrri tilskipun Evrópuráðsins um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Með kveðju,
Teitur Skúlason

Persónuvernd